

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgangsfundum 27. ágúst 2024 eftirfarandi:

Skerpluholt 4, óveruleg deiliskipulagsbreyting Hnoðrahólts norður.
Tillagan gerir ráð fyrir því að bílastæði lóðarinnar flytjist til vesturs.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 29. ágúst 2024 eftirfarandi:

Vorbraut – Raðhús, deiliskipulagsbreyting Hnoðrahólts norður.
Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúðareininga í raðhúslengjunum Vorbraut 21-25 fjölgi úr 3 í 4, Vorbraut 27-35 úr 5 í 6 og Vorbraut 49-55 úr 4 í 5. Alls verður fjölgun um 3 íbúðareiningar.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 6. júní 2024 eftirfarandi:

Grímsgata 6, óveruleg deiliskipulagsbreyting 4. áfanga norðurhluta Urriðahólts.
Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksbyggingarmagn lóðarinnar að Grímsgötu 6 aukist um 60 m².

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2024 eftirfarandi:

Grásteinsmýri 1, 2 og 3, deiliskipulagsbreyting Breiðumýrar.
Tillagan gerir ráð fyrir að hámarksfjöldi íbúða aukist úr 84 í 102.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 4. október 2024.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 7. október 2024